

# Samþykktir fyrir Öldungaráð Grindavíkurbæjar

Félag eldri borgara í Grindavík og bæjarstjórn Grindavíkurbæjar gera með sér samkomulag um stofnun Öldungaráðs Grindavíkurbæjar.

1. gr.

## Umboð

Öldungaráð Grindavíkurbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykktum þessum, samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

## Verksvið og hlutverk

Í Öldungaráði eru rædd þau atriði sem varða hagsmuni eldri borgara í bæjarfélaginu, svo sem þjónustu, aðstöðu til félagsstarfs og tómstunda og fjárhagsáætlun hvers árs hvað eldri borgara varðar. Þá er ráðið ráðgefandi um framtíðarskipulag öldrunarþjónustu sem og uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustuíbúða í bæjarfélaginu. Öldungaráð er bæjarstjórn, nefndum og ráðum Grindavíkurbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa bæjarfélagsins 67 ára og eldri. Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarráðs eða bæjarstjórnar. Öldungaráð er ekki framkvæmdaaðili, heldur beitir sér fyrir því að mál sem tekin eru fyrir hjá ráðinu séu tekin til umfjöllunar af hálfu bæjarins.

3. gr.

## Markmið

- Meginmarkmið með Öldungaráði er að Félag eldri borgara í Grindavík hafi formlegan viðuræðuvettvang við bæjarstjórn um hagsmunamál sín.
- Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.
- Öldungaráð stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara í Grindavík og að þeim verði framfylgt.
- Öldungaráð beitir sér fyrir aðgengi og aðstöðu sem stuðlar að heilbrigðri öldrun, félagslegri vellíðan og sjálfstæðu lífi.
- Öldungaráð stuðlar að samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- Öldungaráð leitast við að tryggja að aldraðir fái sem besta þjónustu.
- Öldungaráð hefur að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra.
- Öldungaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarmál.

4. gr.

## Skipan

Öldungaráð er skipað þremur fulltrúum og jafn mörgum til vara. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og einn til vara. Félag eldri borgara í Grindavík tilnefndir tvo fulltrúa og tvo til vara. Annar fulltrúi félags eldri borgara fer með formennsku í ráðinu.

Öldungaráðið sjálf kýs sér formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar. Seta í Öldungaráði er ólaunuð.

5. gr.

*Boðun funda og fundarsköp*

Öldungaráð skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega eða eftir þörfum. Öldungaráð skal funda a.m.k. einu sinni á ári með bæjarstjórn og skal miða við að slíkur fundur sé haldinn að hausti. Á þeim fundi verði kynntar hugmyndir og tillögur að fjárhagsáætlun sem snúa að málefnum ráðsins.

Formaður boðar til funda og ákveður dagskrá í samráði við aðra fulltrúa ráðsins og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Boða skal til fundar ef meirihluti ráðsmanna fer fram á slíkt.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar eftir því sem við á. Sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðs og bæjarstjóri hafa seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

*Fundaskipulag og ritun fundargerða*

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Gæta skal þagmælsku og óheimilt er að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Öldungaráð skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til kynningar. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum Grindavíkurbæjar.

7. gr.

*Málsmeðferð*

Við undirbúning mála skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast til samþykktar um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar.

*Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Grindavíkur 30. janúar 2018.*